

Stjórnarfundur FHB 16. ágúst 2012 haldin í Bændahöllinni kl. 14

Mætt voru: Kristinn Guðnason formaður, Sigbjörn Björnsson varaformaður, Vignir Sigurðsson gjaldkeri, Magnús Jósefsson ritari, Ólafur Einarsson meðstjórnandi og Hulda G. Geirsdóttir framkvæmdastjóri sem jafnframt ritar fundargerð.

Fundarsetning. Kristinn setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

Afurðamál

Hrossslátrun gengur vel, aðeins biðlistar en ekki miklir. Má áætla að slátrað sé um 300 hrossum á mánuði á landsvísu.

Enn vantar fleiri bændur í blóðtökuna, það gengur hægt að fjölga í þeim hópi en eftirspurnin er mikil.

Fram kom að Sláturhúsið á Hellu er komið með útflutningsleyfi og mun því væntanlega auka slátrun hjá sér.

Rætt um verðskerðingarsjóð og hugsanlega nýtingu hans til markaðsverkefna.

Fjármál

Farið var lauslega yfir stöðu fjármála - staðan er svipuð og áður og ágæt.

Samstarf við FT og rekstur skrifstofu

Samdráttur hefur verið í rekstri FT og leita þarf leiða til að draga saman í skrifstofurekstrinum. Vigni og Huldu falið að skoða útfærslu á samstarfinu og ræða við stjórn FT um lausn mála.

LM 2012 - útfærsla kynbótasýninga rædd. Farið yfir áverkaskoðun og þau tilfelli þar sem hross hlutu ekki dóm vegna áverka 2.

Í máli Kristins kom fram að dýralæknar eru æðsta vald í að úrskurða um flokkun áverka. Í einhverjum tilfellum vildu knapar og hesteigendur meina að úrskurður sýningarstjóra væri ekki réttur, en þá er hægt að vísa málinu til sýningarstjóra. Í einhverjum tilfellum var það gert og þar voru dýralæknir ekki tilbúnir til að votta að hrossið væri sýningarhæft.

Kristinn talaði næst um nýja útfærslu kynbótasýninganna á LM, fannst ganga vel að hafa kynbótasýningarnar á sér velli allan tímann. Kynning kynbótahrossa tókst kannski ekki alveg eins vel og hann hefði óskað sér, en hann telur þó að þessi liður ætti að halda sér með annarri útfærslu, þar sem allur flokkurinn er kynntur og verðlaunað í lokin. Þ.e. allar hryssur kynntar og verðlaun í lokin og svo stóðhestar, allir kynntir og svo verðlaunin í restina. Skipta mætti þessu á tvo daga, t.d. hryssur annan daginn og stóðhestar hinn, eða tveir flokkar hryssna og tveir flokkar stóðhesta sitt hvorn daginn.

Hulda nefndi að margir hefðu talað um að það hefði verið gott að fá skjá við kynbótavöllinn þannig að menn geti fylgst með því sem er að gerast hinum megin og eins að skjár við gæðingavöll myndi sína það sem fram fer á kynbótabraut.

Sigbjörn talaði um samskipti dómara og áhorfendabrekku í kynbótadómum, þann þætti yrði að bæta. Upplýsingastreymið er of lítið og ekki nógu áhugavert fyrir áhorfendur.

Fundarmenn veltu einnig fyrir sér áhrifum beinna útsendinga á aðsókn og þróun Landsmóta.

Einnig veltu menn upp spurningunni „Fyrir hverja eiga landsmótin að vera?“ Þá alhörðustu/iðnaðinn eða venjulegt hestafólk?

Framkvæmd mótsins góð en aðsókn mikil vonbrigði.

Hestatorg – markaðsmál.

Rætt um Hestatorgið og hugmyndavinnu þar. Hestatorgið var sett upp á LM í samvinnu við sömu aðila og áður.

Einnig talaði Hulda um þörf fyrir að endurprenta kynningarefni og dreifa til ferðaþjónustuaðila. Hún viðraði einnig fleiri hugmyndir að kynningarefni og markaðsmálum og voru stjórnarmenn sammála um að leggja fé í markaðsmálin.

Samþykkt að gera Hestatorgið á HM í Berlín veglegt. Huldu og Sigbírni falið að vinna áfram að málinu.

Aðalfundur og ráðstefna 2012

Dagsetningar ræddar, lagt til að hafa aðalfundinn 16. nóv. og ráðstefnuna 17. nóv.

Huldu falið að tala við Guðlaug og fylgja málinu eftir. Kristinn mun heyra í Haraldi hjá LH varðandi uppskeruhátíðina sbr. aðalfundarsamþykkt.

Aðeins rætt um hugmyndir varðandi erindi/umfjöllunarefni á fundinum.

Félagsaðild

Rætt um stöðu Vesturlandsdeildar og Hornafjarðardeildar. Hornfirðingar hafa ekki greitt félagsgjöld sl. tvö ár og ekki tekið þátt í félagsstarfinu.

Á Vesturlandi hefur ekki verið haldin aðalfundur í nokkur ár og hafa einstaklingar innan félagsins gert athugasemdir við það og óskað eftir að stjórn fylgi málinu eftir.

Huldu falið að skrifa bréf til formanna beggja deilda og óska skýringa á stöðu mála.

Staða exemrannsóknna

Kristinn hafði rætt við Vilhjálmm Svansson á Keldum og samkvæmt hans upplýsingum er verið að tilraunabólusetja í Sviss með lækningu og sagðist Vilhjálmmur bjartsýnn á niðurstöður. Fjármagn til út árið, en það vantar frekari fjármögnun. Vilhjálmmur vildi jafnframt skila þakklæti til þeirra aðildarféлага FHB sem styrkt hafa verkefnið.

Stefna að því að fá vísindamennina Sigurbjörgu og Vilhjálmm á næsta fund.

Snorri Kristjánsson frá **Hrossarækt.is** mætti til fundar til að kynna Hrossaræktina 2012.

Undirbúningur að bókaútgáfunni hafin og metnaður til að gera enn betur en síðast. Sagði viðtökur við fyrstu bókinni hafa verið góðar.

Stefnt að því að stækka bókina enn frekar. Fyrirtækið leitar nú aftur til FHB varðandi samstarf og langar að kanna vilja FHB til kaupa á bókum fyrir félagsmenn á sérstöku verði líkt og í fyrra.

Fundarmenn tóku erindinu vel og var Kristni falið að fylgja málinu eftir og heyra í formönnun deilda. Erindinu verður svarað fljótlega.

Búnaðarþing 2013

Kjóra þarf fulltrúa á þessu ári. Sigbjörn Björnsson, sem setið hefur á Búnaðarþingi undanfarin þrjú ár fyrir hönd FHB gefur kost á sér áfram.

Önnur mál

ekki fleiri mál á dagskrá. Fundi lokið kl. 18.